

Ármann Örn Sigursteinsson. M.A. nemi í félagsvísindum við hug- og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri.

Ég er giftur þriggja barna faðir, búsettur á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit. Ég er í fullu starfi á vegum barnaverndar og félagsþjónustu samhliða fullu námi í HA. Áhugamál mín eru enduro þolakstur, torfæruhjóla- og snjósleðaakstur, ásamt almennri útiveru. Ég hef keppt á sleðum og hjólum frá árinu 2007 og hef landað 13 Íslandsmeistaratitlum á ferlinum og er engu nær hættur. Þá hef ég brennandi áhuga á Folf (frisbiegolf) sem er vaxandi áhugamál hjá mér. Ég stefni á doktorsnám Ph.D. í félagsvísindum eða afbrotafræði þar sem ég hyggst halda áfram að grafast fyrir um frávíkshæðun barna og ungmenna. Draumurinn minn er að stofna mitt eigið úrræði fyrir ungmenni sem glíma við fjölpættan hegðunarvanda.

Námsferill

Frá 2024 - Meistaránám í félagsvísindum við Háskólann á Akureyri: Frávíkshæðun ungmenna og uppeldisaðferðir, leiðbeinandi Guðmundur Oddson.

Rannsóknarsvið meistararitgerðar

Áhugi minn hverfist um að skilja hvers vegna börn og ungmenni leiðast út í afbrot og annars konar óknyttahæðun. Nánar tiltekið frávíkshæðun (*e. deviant behavior*), sem er hegðun sem brýtur í bága við gildi og viðmið samfélagsins og kallar alla jafna fram neikvæð viðbrögð annarra. Hegðun eins og ofbeldi, árásarhneigð, sjálfsskaði, útigangur, áfengis- og vímuefnaneysla og skemmdarverk eru dæmi um frávíkshæðun. Talið er að einstaklingar leiðist út í frávíkshæðun sökum vanlíðunar en niðurstöður fyrri rannsókna benda til þess að uppeldisaðferðir og einkum og sér í lagi vanræksla og ill meðferð útsetji börn og ungmenni verulega fyrir slæmum tilfinningum á borð við ótta, óöryggi, reiði og gremju, sem ýtir þeim út í frávíkshæðun á einn eða annan hátt.

Síðastliðin 16 ár hef ég starfað á vegum félagsþjónustu og barnaverndar sem meðferðarráðgjafi, persónulegur ráðgjafi og tilsjónarmaður ungmenna sem leiðst hafa út í frávíkshæðun. Á mínum ferli hef ég unnið náið með yfir 100 ungmenni í langtímameðferð og með tíð og tíma fór ég að taka eftir ákveðnu mynstri í fari skjólstæðinga minna, þar sem flest þeirra höfðu upplifað álag og erfiða tíma í barnæsku, þar sem víða var pottur brotinn í uppeldisaðstæðum þeirra.

Með þá reynslu og vitneskju bak við eyrað skrifaði ég mjög svo áhugaverða B.A. ritgerð um áhrif vanrækslu á frávíkshæðun barna og ungmenna, byggt á fyrri rannsóknum (Ármann Örn Sigursteinsson, 2024). Það var þó bara upphitun þar sem ég er núna að skrifa mastersritgerð um upplifun einstaklinga sem leiddust út í frávíkshæðun sem börn og ungmenni af eigin frávíkshæðun í tengslum við uppeldisaðstæður, byggt á hálfstöðluðum viðtölum (*e. semi-structured interviews*) við 22 fullorðna einstaklinga sem leiddust út í frávíkshæðun sem börn eða ungmenni. Útgáfa mastersrannsóknar minnar verður núna í vor.

2021-2024 - B.A. í félagsvísindum með áherslu á afbrotafræði við Háskólann á Akureyri.

Lokaverkefni: Ármann Örn Sigursteinsson. *Snemma beygist krókurinn. Áhrif vanrækslu á frávíkshæðun barna og ungmenna.* Leiðbeinandi Guðmundur Oddsson. Háskólinn á Akureyri, 2024:

<https://skemman.is/bitstream/1946/47939/1/Snemma%20beygist%20kr%C3%B3kurinn%20-%20A%CC%81rmann%20O%CC%88rn%20Sigursteinsson.pdf>

Fyrri menntun

2006-2011 - Stúdentspróf í félagsfræði, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.

2008-2009 - Einkaþjálfari, Einkaþjálfaraskóli World Class.

2011-2013 - Einkaflugmannspróf / Airplane, Flugskóli Íslands: Icelandic Civil Aviation Administration.

2016-2017- ART: Aggression Replacement Training (internationally certified trainer), Barnaverndastofa.

2018-2019 - Motivational Interviewing (internationally certified rights), Áhugahvöt.